



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 587

Hilmar Daníelsson

flugmaður

1931-1959

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 587

Hilmar Daníelsson

flugmaður

1931-1959

Formáli

Hilmar Daníelsson var fæddur 6. desember 1931. Hann fórst í flugslysi við Snæfellsnes 24. maí 1959. Foreldrar hans voru Daníel Markússon, slökkviliðsmaður í Reykjavík, fæddur 29. ágúst 1910, dáinn 1. janúar 1971, og Hrefna Ásgeirsdóttir, húsfreyja, fædd 5. október 1906, dáið 5. júlí 1997. Hilmar lauk prófi úr Samvinnuskólanum 1951. Hann hóf flugnám 1956 og öðlaðist atvinnuflugmannsskírteini 1958.

Hilmar starfaði í fyrstu sem verslunarmaður, síðar varð hann kaupmaður; en starfaði jafnframt sem flugmaður hjá Birni Pálssyni. Árið 1957 kvæntist Hilmar Láru Vigfúsdóttur innanhússarkitekt, hún er fædd 25. ágúst 1929. Sonur Hilmars og Jóhönnu Pálsdóttur er Páll Björgvin, fæddur 13. apríl 1951.

Afhending skjalasafns: Lára Vigfúsdóttir og Ljósmyndasafn Reykjavíkur 1998 og 2002. Lára Vigfúsdóttir í mars 2016

Innihald: Persónuleg skjöl Hilmars Daníelssonar, ljósmyndir o.fl.

Tímabil: 1945 - 2013

Skjalaskrá

Askja 1

Örk 1

Nafnskírteini Hilmars Daníelssonar, 11. desember 1947.

Vegabréf Hilmars, 1956.

Skírteini Hilmars sem heimilar að stýra leigubifreið til mannflutninga, 22. desember 1951.

Einkunnabækur Hilmars úr Gagnfræðaskólanum í Reykjavík skólaárin 1947-1948, 1949, 1950; einkunnaskírteini úr Gagnfræðaskólanum í Reykjavík 1950.

Minningabók Hilmars.

Félagsskírteini Hilmars í Alpýðusambandi Íslands, Dagsbrún, 28. júní 1949; í hulstri.

Vegavinnumenn 31. júlí 1948, prentað kvæði áritað Hilmarí eftir Friðrik Hansen.

Fermingarskeyti Hilmars 27. maí 1945, 33 að tölu; tvö þeirra skrautrituð.

Bréf, handskrifað af Láru Vigfúsdóttur til Kötlu Ólafsdóttur, dagsett 24. september 1986, vegna stéttatals flugmanna, ásamt útprenti ættfræðiupplýsinga.

Fermingarkort, níu að tölu, sjö þeirra tvöföld með ljósmynd, eitt þeirra handgert (skrautritað). Ljósmynd, sporöskjulaga, í heimagerðum ramma með gleri; myndin er af Hilmar, föður hans Daníel Markússyni og afa Markúsi Pétri Daníelssyni. Merkt á bakhlið. Ljósmyndir, tíu að tölu, flestar af Hilmar á ýmsum aldri, allar merktar að aftanverðu. Ein mynd er af Hilmar ungum uppi á stuðara pallbílls, myndin er tekin á Hvammstanga; önnur er af Hilmar u.þ.b. 12-13 ára gömlum ásamt systur sinni Svanborgu, myndin er tekin á Hvammstanga; tvær myndir sýna Hilmar og konu hans Láru, önnur er brúðkaupsmynd 5. júlí 1957; ein mynd sýnir hús á Hvammstanga, hugsanlega heimili Hilmars. Blekpenni, silfurskreyttur, með greyptu nafni: Hilmar Daníelsson.

Skráð RB

Örk 2

Umslag I:

Hjónavígslubréf Hilmar Daníelssonar og Láru Vigfúsdóttur 6. júní 1957.
Gestabók, laus blöð, frá 16. júní 1957, giftingadaginn 7. júlí 1957 og tímabilið 8. júlí til 17. janúar 1960.
Heillaóskaskeyti á brúðkaupsdaginn og kort.
Bráðabirgða loftferðaskirteini fyrir skólaflug - einliðaður dags. 18. maí 1957.
Leyfisbréf Hilmars til atvinnuflugmanns nr. 378, þann 22. desember 1958.
Skirteini Hilmar fyrir talstöðvarvörð 24. janúar 1958.
Bréf vegna upptöku Hilmars í Frímúrararegluna 9. mars 1959, starfskrá reglunnar 1958-1959 ásamt félagatali.
Blaðauklippur frá flugslysinu í maí 1959 og minningargreinar um Hilmar Daníelsson.

Umslag II:

Leigusamningur um lóð til íbúðarhúsabyggingar á Rauðalæk 63.
Prófskirteini fyrir Hilmar Daníelsson um að hafa staðist próf fyrir öukennara í desember 1951 og 17. apríl 1959.
Bréf Borgarfégetans í Reykjavík um að Hilmar Daníelssyni er veitt leyfi til að reka smásöluverslun í Reykjavík 30. september 1953.
Bréf frá Dómsmálaráðherra um löggildingu Hilmars til að kenna bifreiðaaakstur fyrir hið minna próf bifreiðastjóra 24. apríl 1959.
Efnahagsreikningur 1. október 1959 fyrir Hilmarsbúð sef. og viðskiptareikningur dánarbús Hilmars Daníelssonar 1960 og 1961.
Bréf Borgarfégetaembættisins um að skipti hafi farið fram á dánarbúi Hilmars, án árs.
Endurrit úr Skiptabók Reykjavíkur 23. desember 1959 og 28. febrúar 1961.
Efnahagsreikningur Láru Vigfúsdóttur 31. desember 1960.
Umboð, afsal og yfirlýsing 1961 og bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 1961.

Umslag - ljósmyndir:

Ljósmyndir af Hilmar Daníelssyni, sumardagsbíltúr fjölskyldunnar ca. 1953-1955 o.fl., merkt á bakhlið.
Ljósmynd m.a. af Hilmar, Samvinnuskólinn veturinn 1950-1951.
Myndir frá Rauðalæk 63, brúðkaupi o.fl., merktar á bakhlið
Vasasöngbók.

Viðtal Gunnhildar Hrófsdóttur við Láru Vigfúsdóttur, innanhússarkitekt, í október 2013.

Viðtalið birtist í bókinni *Þær þráðinn spunnu* eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur frá 2015.

Lára var eiginkona Hilmars Daníelssonar.

Skráð í mars 2016,
Jakobína Sveinsdóttir